

NÁMSGREIN: HEIMILISFRÆÐI

KENNSLUYFIRLIT: VETURINN 2022-2023

Bekkur: 10.bekkur

Kennarar: Jónas Bragi Jónasson

Kennsluhættir:

Allir þurfa á næringu að halda og er oft talað um að hún sé eldsneyti mannlíkamans. Að velja rétta og holla næringu er því mjög mikilvægt sérstaklega fyrir börn sem eru að vaxa og þurfa mikið á henni að halda. Heimilisfræði fjallar um manninn, líf hans og lífsskilyrði, líkamlegar og andlegar þarfir. Í greininni gefst tækifæri til að hafa áhrif á lífsstíl nemenda með markvissri fræðslu um hollustu og holla matargerð. Þekking og leikni í heimilisstörfum er kjarni heimilisfræðinnar og honum tengjast allir þættir námsins, fræðilegir sem verklegir. Heimilisfræði er að upplagi verkgrein og í henni eru órjúfanleg tengsl milli næringarfræði, matreiðslu og hreinlætis. Áhersla er lögð á að nemandi geti farið eftir fyrirmælum og sýni kurteisi, hjálpsemi, vilja til samvinnu og til að efla sjálfstæð vinnubrögð nemenda.

Námsþættir:

Námsmat:

Námsmatið byggist á hæfniviðmiðum 10. bekkjar

- Námsmatið er símat og því hafa nemendur tækifæri
- til að bæta sig alla lotuna
- Hvert verkefni telur inn í námsmatið
- Vinnusemi, frágangur og framkoma telur inn í námsmatið
- Gefið er í 5 táknum sem segir til um hæfni nemandans
- Námsmatið er sett inn í Mentor í lotulok

Námöggn:

Verkfæri úr eldhúsi og gögn af netinu -

| Tímabil | Námsþættir | Leiðir | Hæfniviðmið | Námsmat |
|---|------------|--------|--|---|
| 23.ágú- 18.okt 19.okt- 17.jan 18.jan- 14.mar 15.mar- 5.jún | | | <p>Unnið með margvísleg hráefni og skapað úr þeim, farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdum heimilishaldi, unnið í hópi, unnið sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar. unnið með margvísleg hráefni og skapað úr þeim, farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdum heimilishaldi. þekkt mismunandi grunnaðferðir við matargerð og bakstur, tjáð sig um verkefni sín sýnt vönduð vinnubrögð, skipulagt og útskýrt vinnu sína,</p> | <p>Námsmatið byggist á hæfniviðmiðum 10. bekkjar Námsmatið er símat og því hafa nemendur tækifæri til að bæta sig alla lotuna Hvert verkefni telur inn í námsmatið Vinnusemi, frágangur og framkoma telur inn í námsmatið Gefið er í 5 táknum sem</p> |

segir til um
hæfni
nemandans
Námsmatið er
sett inn í
Mentor í lotulok